

Merkileg grein um endalok mannkynsins

Í DESEMBERHEFTINU af tímaritinu *Light*, s. 334, er getið um grein eftir H. G. Wells, sem heitir „Life and Man's Future“, og virðist vera mjög merkileg, einsog búast mátti við, en allmjög vanmetin af þeim, sem um hana skrifar í *Light*, og lætur þess, því miður, ekki getið, hvar grein þessi hefir komið. En hann tilfærir þessa setningu úr henni: „This world is at the end of its tether, and the end of everything we call life is close at hand and cannot be evaded: Skeiðið er, að því er þessa jörð snertir, bráðum á enda runnið, og endalok alls þess, sem vjer köllum líf, skamt undan og óumflýjanleg“.

Því verður ekki neitað, að hinn mikilvirki og stórkostlegi rithöfundur, sem var lærisveinn Th. H. Huxleys, og tók próf í náttúrufræði með ágætum vitn isburði, er þarna í mesta lagi bölsýnn; en þó virðist mjer það vera mikill misskilningur hjá þeim, sem um greinina skrifar í „*Light*“, að þarna sje ekki um annað að ræða en elliglapsýn og þröngsýni skáldvitringsins, sem að vísu er nú gamall orðinn, á 80. ári. En slíkum mönn-

um vex nú einmitt viska með árum, og bölsýni Wells virðist vel skiljanleg. Hann hefir hugs að svo hátt um möguleika mannglegrar framtíðar, og með ritum sínum hefir hann reynt að greiða fyrir þessari betri framtíð, sem hann taldi að orðið gæti. Og nú virðist honum sem ekkert hafi áunnist. Grimd in og miskunnarleysið er það sem allra ljótast hefir verið í fari mannanna, og fyrir ekki mörgum áratugum var alment litið svo á, sem hið versta af því tagi mundi vera að baki. En tíðindi þessara síðustu tíma hafa leitt í ljós, að því fer fjarri að svo sje. Það virðist jafnvel svo, sem miskunnarleysið hafi aldrei komist á hærra stig, og aldrei hefir annar eins mannfjöldi þjáðst og örvænt einsog einmitt á þessum síðustu tímum.

Nokkur þekking, sem til skamms tíma var ekki til, gerir oss mögulegt að segja með fullri vissu, að feigðarspá hins mikla skálds er engin missýning, heldur mundi sönn reynast, ef ekki ber eitthvað það til tíðinda, sem engin von er til að hann hafi komið auga á. Þegar vjer höfum uppgötvað hinar tvær stefnur verðandinn-

ar, helstefnu og lífstefnu, þá þarf ekki að því að spyrja, á hvorri leiðinni mannkynið er, og þá heldur ekki að því, að vís glötun er framundan, ef ekki verður breytt um stefnu. En enginn vísir þeirrar stefnubreytingar virðist vera fyrir hendi ennþá, og sá stórkostlegi eðlisfræðilegi þekkingarauki, sem menn eru nú svo hrifnir af, virðist helst líklegur til að flýta fyrir hinu gersamlega niðurfalli menningarinnar, sem af næstu heimsstyrjöld mundi leiða. En einsog enn horfir, má

segja þá styrjöld fyrir, með stjórnufræðilegri vissu. Trúvakningar eftir gömlum fyrirmyndum, sem nú þegar er farið að bera allmikið á, mundu engu áorka um að koma í veg fyrir styrjaldir. Trúin hefir aldrei neinni styrjöld afstýrt, en mörgum valdið. Það sem þarf er svo aukin þekking í heimsfræði og líffræði, að á þeim þekkingarauka megi byggja nægilega fullkomna lífernifræði. Menn ganga ekki viljandi framaf björgum, af þeirri ástæðu einni, að þeim er fullkomlega ljóst, hvað af því mundi hljótast. Og þegar mönnum verður orðið nægilega ljóst, hver er tilgangur lífsins, og hverjar afleiðingarnar af því að lifa ekki samkvæmt þeim tilgangi, þá mun öllum kröftum mannkyns verða beitt til að ná því takmarki, sem ekki næst, fyr en alt, sem illindi

heitir, grimd og miskunnarleysi, er fullkomlega úr sögunni, en sannleikurinn í hávegum hafður.

Skrifað skemsta daginn.

22. 12. '45

Helgi Pjeturss.



EFTIRMÁLI.

Það mun, ef til vill, geta orðið nokkur hjálp til að skilja, að það er ekki nein markleysa, sem jeg er að fara með, ef jeg læt þess getið, að jeg hefi sagt fyrir báðar heimsstyrjaldirnar. Í apríl 1914 skrifaði jeg, að alveg væru yfirvofandi verri stórtíðindi en orðið hefðu áður í sögu mannkynsins; og í ársbyrjun 1922 ljet jeg í ljósi ágiskun þess efnis, að önnur heimsstyrjöld mundi verða fyrir 1950, og stórum verri en hin fyrri (sjá Nýal, s. 443). En eins og allir vita nú, var eyðileggingarmáttur herjanna í þessari síðari styrjöld, með ólíkindum miklu meiri, en í hinni fyrri. Og er þó nú þegar vitað, að sá munur mundi hafa vaxið ennþá miklu meir í hinni þriðju. Ekki virðist auðvelt að skilja, hvernig nokkur getur efast um, að friðartímabilið milli heimsstyrjalda kunni þó að verða lengra, ef einungis þær þjóðir, sem ólíklegastar eru til að hefja ófrið, eiga þess kost að beita því vopni, sem svo miklu voðalegra er, en nokkur, sem notuð hafa verið áður.

H. P.